

Akureyri 21.09 2020

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands
Guðrúnartúni 1,
105 Reykjavík

Greinagerð með lagabreytingartillögum

Gott samtal milli ASÍ og aðildarfélaga er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu sterkar og samhentrar verkalyðshreyfingar. Mikilvægt er að stuðla að góðu upplýsingaflæði frá ASÍ til aðildarfélaga, frá aðildarfélögum til ASÍ og á milli aðildarfélaga til að eiga í eins góðu samstarfi og unnt er. Þá er mikilvægt að tryggja að hagsmunir aðildarfélaganna séu alltaf hafðir að leiðarljósi og að þau missi ekki vægi sitt ef fulltrúi þeirra lætur af störfum sínum.

Lagabreytingartillaga þessi hefur það að markmiði að styrkja undirstöður ASÍ með auknum samskiptum og upplýsingagjöf milli ASÍ og aðildarfélaganna og gefa öllum aðildarfélögum ASÍ sterkari rödd innan sambandsins, frekar en einstaka félögum sem þar sitja í stjórn. Með því að láta sæti í miðstjórn fylgja embætti er hægt að tryggja að aðildarfélag hafi áfram vægi innan miðstjórnar ef sú staða kemur upp að formaður aðildarfélagsins lætur af störfum sínum. Hagsmunir aðildarfélaga eru þannig í heiðri hafðir umfram hagsmunum einstaklinga. Lagabreytingartillagan hefur það einnig að markmiði að styrkja Ungliðahreyfingu ASÍ, sem hingað til hefur aðeins haft áheyrnarfulltrúa í miðstjórn ASÍ. Breytingartillaga þessi tryggir ASÍ-UNG sæti í miðstjórn og þannig sterkari rödd innan verkalyðshreyfingarinnar.

Undirritaðir óska eftir því að lagabreytingartillögur þessar fari í efnislega meðferð hjá laganefnd ASÍ á 44. þingi ASÍ.

Eiður Stefánsson, formaður FVSA

Drög að lagabreytingum á lögum ASÍ

Tillaga nr. 1

Til skýringar (ath. neðangreint er alltaf með fyrirvara sbr. gr. 1.4.3) samkvæmt neðangreindu geta aðalmenn í miðstjórn verið alls **8 – 13** hverju sinni en varamenn geta verið **5 – 10** hverju sinni.

Sem dæmi væru þeir 8 (og varamenn þá 5) ef t.d. formenn LÍV, SGS og RSÍ eru forsetar og samtímis einnig formenn Eflingar og VR. En þeir væru 13 (og varamenn þá 10) ef enginn ofangreindra er samtímis í þessum embættum.

Þannig að ef aðalmaður eða varamaður gegna samtímis fleiri en einu embætti sem veitir aðal- eða varasæti falla öll aukasæti niður umfram eitt sæti. Smá flókið ef t.d. einhverjir varamenn eru líka forsetar oþh.

Miðstjórn er því „lifandi“ eining þar sem hún miðast aðeins við embætti en ekki persónur og aðeins forsetar (með fyrirvara sbr. gr. 1.4.3) og aðal- og varamaður félaga með beina aðild eru skipaðir til tveggja ára (milli sambandsþinga) því allir aðrir aðal- og varamenn sitja í krafti embætta sinna og eru því ekki með sérstakan skipunartíma.

1. Forseti ASÍ er aðalmaður – enginn varamaður
2. Fyrsti varaforseti ASÍ er aðalmaður – enginn varamaður
3. Annar varaforseti ASÍ er aðalmaður – enginn varamaður
4. SGS – formaður SGS er aðalmaður og ritari SGS er varamaður hans
5. SGS – auka-aðalmaður er varaformaður SGS og gjaldkeri SGS er varamaður hans
6. LÍV- formaður LÍV er aðalmaður og ritari LÍV er varamaður hans
7. LÍV – auka-aðalmaður er varaformaður LÍV og varamaður hans er gjaldkeri LÍV
8. Samiðn - formaður Samiðnar er aðalmaður og varaformaður Samiðnar er varamaður
9. RSÍ – formaður RSÍ er aðalmaður og varaformaður RSÍ er varamaður
10. SSÍ – formaður SSÍ er aðalmaður og varaformaður SSÍ er varamaður
11. Stærsta félag 1 (VR) aðalmaður er formaður VR og varamaður er varaformaður VR
12. Stærsta félag 2 (Efling) aðalmaður er formaður Eflingar og varamaður er varaformaður Eflingar
13. Félög með beina aðild skipa einn aðalmann og einn varamann

33. grein

1.1 Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga.

1.2 Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Í þessu felst að miðstjórn getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.

Miðstjórn er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alþýðusambandsins í tilteknum málum.

1.3 Miðstjórn er einnig samninganefnd Alþýðusambandsins.

1.4 Aðalmenn í miðstjórn

1.4.1 Á sambandsþingi skulu forseti, fyrsti og annar varaforseti kosnir sérstaklega til næsta sambandsþings á tveggja ára fresti.

1.4.2 Miðstjórn skipa, auk forseta og varaforsetanna sem aðalmenn, allir formenn aðildarsambanda, formaður ASÍ-UNG og formenn tveggja stærstu stéttarfélaganna innan ASÍ. Þá skulu varaformenn tveggja stærstu aðildarsambanda ASÍ einnig vera aðalmenn í miðstjórn og auk þess skulu félög með beina aðild skipa einn aðalmann í miðstjórn á tveggja ára fresti milli sambandsþinga.

1.4.3 Sæti aðal- og varamanna í miðstjórn ASÍ sem fylgja embættum sbr. gr. 1.4.2 og gr. 1.5.1 falla niður í öllum tilvikum umfram eitt sæti þar sem sami aðili gegnir fleiri en einu af þeim embættum sem tilgreind eru eða ef slíkt embætti er samhliða einu forsetaembættanna.

1.4.4 Allir þeir sem sæti eiga í miðstjórn Alþýðusambandsins, jafnt aðalmenn sem varamenn sem sitja þar í krafti síns embættis, eða annarar stjórnarsetu, ber að víkja tafarlaust úr miðstjórn ef þeir láta af embættum sínum eða stjórnarsætum hjá viðkomandi aðildarsambandi eða stéttarfélagi. Þeir aðilar sem taka við þeim í embætti ganga strax inn í miðstjórn.

1.4.5 Ekki er hægt að skipa aðra í miðstjórn en stjórnarmenn í aðildarsamböndum eða stéttarfélögum innan ASÍ.

1.5 Varamenn í miðstjórn

1.5.1 Fyrir formenn tveggja stærstu aðildarsambandanna skal varamaður vera ritari viðkomandi sambands þó með þeirri undantekningu sem getið er í gr. 1.4.3.

Fyrir varaformenn tveggja stærstu aðildarsambandanna skal varamaður vera gjaldkeri viðkomandi sambands þó með þeirri undantekningu sem getið er í gr. 1.4.3.

Fyrir formenn annarra aðildarsambanda, formann ASÍ-UNG og formenn tveggja stærstu stéttarfélaganna innan ASÍ eru varaformenn viðkomandi sambands og félags, þeirra varamenn í miðstjórn með þeirri undantekningu sem getið er í gr. 1.4.3.

Hjá félögum með beina aðild er sérstakur varamaður skipaður hverju sinni á tveggja ára fresti milli sambandsþinga.

1.5.2 Ekki er hægt að skipa aðra varamenn í miðstjórn en stjórnarmenn í aðildarsamböndum eða stéttarfélögum innan ASÍ.

~~Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á sambandsþingi skulu forseti, fyrsti og annar varaforseti kosin sérstaklega og tólf meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.~~

~~Auk þess skal kjósa fimmtán varamenn.~~

~~Við kjör miðstjórnar skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.~~

~~Enginn er löglega kosinn í miðstjórn, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.~~

1.5.3 Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans og annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta.

1.5.4 Miðstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum Alþýðusambandsins á milli sambandsþinga nema lög þessi geymi ákvæði um annað, og ber aðildarsamtökum ASÍ og hverjum þeim, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrirmælum hennar og úrskurðum, en rétt hafa aðilar til að skjóta ágreiningsmálum sínum við miðstjórn til sambandsþinga, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um þau.

1.5.5 Komi upp ágreiningur innan miðstjórnar fer fram kosning. Formenn aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt á miðstjórnarfundi í samræmi við reiknað vægi á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varamenn með atkvæðisrétt á miðstjórnarfundi. Forseti, fyrsti og annar varaforseti og formaður ASÍ-UNG fara með eitt atkvæði hver, auk atkvæða sem fylgja þeim aðildarsamböndum og stéttarfélögum sem þeir eru í forsvari fyrir. Ef fleiri en einn eru frá sama félaginu skiptast atkvæðin jafnt á milli þeirra. Formenn aðildarsambanda fara með þau atkvæði sem út af standa frá sínu sambandi. Til þess að tillaga teljist samþykkt á miðstjórnarfundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða.

1.5.6 Miðstjórn setur reglur um starfsemi einstakra deilda og stofnana, sem reknar eru á vegum heildarsamtakanna.

1.5.7 Miðstjórn setur með reglugerð fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal reglugerðin vera þannig sniðin, að eftir henni megi fara við kjör fulltrúa á þing ASÍ, kjör fulltrúa á þing aðildarsamtaka og við stjórnar- og trúnaðarmannaráðskosningar í verkalýðsfélagunum.

Reglugerðin skal gilda fyrir öll aðildarsamtök ASÍ og deildir þeirra.

35. gr. laga ASÍ um Formannafundi

Formannafundir aðildarfélaga ASÍ eru vettvangur stefnumótunar ASÍ og samráðs aðildarfélaga ASÍ milli sambandsþinga.

Formannafundur skal kallaður saman tvisvar sinnum á ári. Miðstjórn ákveður fundarstað og fundartíma og eru fundir lögmætir ef löglega er til þeirra boðað.

~~Formannafundur skal kallaður saman að hausti það ár sem sambandsþing eru ekki haldin og ákveður miðstjórn fundarstað og fundartíma og eru fundir lögmætir ef löglega er til þeirra boðað.~~

Slíkan formannafundur skal boða bréflega með minnst þriggja vikna fyrirvara, en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður.

Tillaga nr. 2

Drög að lagabreytingum á lögum ASÍ

SKIPULAGSBREYTINGAR – FRAMKVÆMDASTJÓRN / MIÐSTJÓRN

I. kafli

3. grein

2.mgr. 3.gr. hljóði svo:

Framkvæmdir í þessu skyni annast aðildarfélögin sjálf, eða sambönd þeirra í umboði félaganna ásamt ársfundi, og miðstjórn og framkvæmdastjórn Alþýðusambandsins

IV. kafli

20. grein

Alþýðusambandið hefur aðsetur og skrifstofu sína í Reykjavík. ASÍ er stjórnað af miðstjórn sem skipuð, kosin er á þann hátt sem lýst er í 33. grein og af framkvæmdastjórn í umboði hennar.

Um starfsemi skrifstofunnar gildir reglugerð sem samþykkt er af ársfundi.

VII. kafli

Miðstjórn

33. grein

Miðstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum Alþýðusambandsins á milli sambandsþinga, og ber aðildarsamtökum ASÍ og hverjum þeim, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrirmælum hennar og úrskurðum, en aðilar hafa rétt til að skjóta ágreiningsmálum sínum við miðstjórn til sambandsþings, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um þau.

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Í þessu felst að miðstjórn getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.

Miðstjórn afgreiðir fjárhagsáætlun sambandsins og afgreiðir reikninga þess til fullnaðarafgreiðslu á næsta þingi.

Miðstjórn er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alþýðusambandsins í tilteknum málum.

Miðstjórn setur með reglugerð fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal reglugerðin vera þannig sniðin, að eftir henni megi fara við kjör fulltrúa á þing ASÍ, kjör fulltrúa á þing aðildarsamtaka og við stjórnar- og trúnaðarmannaráðskosningar í verkalyðsfélögum.

Miðstjórn skipa, auk forseta og varaforsetanna sem aðalmenn, allir formenn aðildarfélaga ASÍ, formenn aðildarsambanda og formaður ASÍ-UNG.

Varamenn í miðstjórn eru varamenn viðkomandi formanna.

Komi upp ágreiningur innan miðstjórnar fer fram kosning. Formenn aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt á miðstjórnarfundi í samræmi við reiknað vægi á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varamenn með atkvæðisrétt á miðstjórnarfundi. Forseti, fyrsti og annar varaforseti, formaður ASÍ-UNG formenn aðildarsambanda fara með eitt atkvæði hver, auk atkvæða sem fylgja þeim stéttarfélagum sem þeir eru í forsvari fyrir. Til þess að tillaga teljist samþykkt á miðstjórnarfundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða.

Allir þeir sem sæti eiga í miðstjórn Alþýðusambandsins, jafnt aðalmenn sem varamenn sem sitja þar í krafti síns embættis, ber að víkja tafarlaust úr miðstjórn ef þeir láta af embættum sínum eða stjórnarsætum hjá viðkomandi aðildarsambandi eða stéttarfélagi. Þeir aðilar sem taka við þeim í embætti ganga strax inn í miðstjórn.

Við forföll forseta tekur varaforseti stöðu hans. Séu forföll forseta varanleg skal miðstjórn velja nýjan varaforseta úr sínum röðum.

Félög, sem hafa ekki starfað á tímabilinu milli sambandsþings og miðstjórnarfundar, hafa ekki sent skýrslu skv. 2. mgr. 47. gr., reikninga skv. 3. mgr. 47. gr. eða hafa vanrækt skattgreiðslur skv. IX. kafla eiga ekki rétt á setu í miðstjórn.

34.grein

Miðstjórn skal koma saman að minnsta kosti þrisvar á ári þegar forseti kallar hana saman og aukalega, ef minnst 10 miðstjórnarmenn æskja þess.

Fundur miðstjórnar er lögmætur, þegar meirihluti miðstjórnarmanna er viðstaddur með meira en 50% atkvæða.

VIII. kafli

Framkvæmdastjórn

36. grein

Framkvæmdastjórn í umboði miðstjórnar stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess, samþykktir miðstjórnar og sambandsþinga.

Fundargerðir framkvæmdastjórnar skulu lagðar fyrir miðstjórn.

Framkvæmdastjórn er skipuð eftirfarandi fulltrúum sem allir eiga jafnframt sæti í miðstjórn: Forseta, varaforseta, formönnum aðildarsambanda, formenn tveggja stærstu stéttarféлага innan ASÍ og varaformenn tveggja stærstu aðildarsambanda innan ASÍ og formaður frá stærsta félaginu með beina aðild.

Varamenn framkvæmdastjórnar eru varaformenn þeirra formanna sem sitja í framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjórn er heimilt að kalla til fundar, formenn einstakra aðildarféлага þegar fjallað er sérstaklega um málefni er varða samningsumboð þeirra.

Framkvæmdastjórn skal koma saman þegar forseti kallar hana saman og aukalega ef minnst 3 framkvæmdastjórnarmenn æskja þess.

Fundur framkvæmdastjórnar er lögmætur, þegar meirihluti framkvæmdastjórnarmanna er viðstaddur.

Komi upp ágreiningur innan framkvæmdastjórnar fer fram kosning. Formenn aðildarféлага fara með atkvæðisrétt á miðstjórnarfundi í samræmi við reiknað vægi á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varamenn með atkvæðisrétt á miðstjórnarfundi. Forseti, fyrsti og annar varaforseti og formaður ASÍ-UNG fara með eitt atkvæði hver, auk atkvæða sem fylgja þeim aðildarsamböndum og stéttarfélögum sem þeir eru í forsvari fyrir. Ef fleiri en einn eru frá sama félaginu skiptast atkvæðin jafnt á milli þeirra. Formenn aðildarsambanda fara með þau atkvæði sem út af standa frá sínu sambandi. Til þess að tillaga teljist samþykkt í framkvæmdastjórn þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða.